

Nd.

481. Frumvarp til laga

[219. mál]

um breyting á sjómannalögum, nr. 67 31. des. 1963.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Óheimilt er að framselja eða veðsetja samningsbundnar dánarbætur, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótageiðslu til opinberra gjalda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er um að ræða hinar sérstöku bætur, sem samtök sjómanna hafa samið um við útgerðarmenn og munu nú nema allt að 400 þúsund krónum fyrir hvern aðila.

Samkvæmt lögnum um almannatryggingar eru bætur samkvæmt þeim tryggingum verndaðar á þann hátt, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Gera verður ráð fyrir, að sama gildi um þær tryggingar, sem hér um ræðir. Þykir flm. þó rétt að flytja þetta frv. til þess að taka af allan vafa í þessum efnunum.